

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti
Minnisblað

Valkostir skjals:

Áskriftir:

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneyti**
Dagsetning: **11.02.2010**
Málsnúmer: **EVR09100438**
Bréfalykill: **6.1**

Efni: Kynning á frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum vegna frumvarps til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Tilmæli
ráðherra:

Texti:

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins en með því er verið að innleiða í íslenskan rétt efnisákvæði tilskipunar nr. 2006/123 um þjónustu á innri markaðnum. Ákvæði hennar kveða á um að hvert og eitt ríki yfirfari löggjöf til að kanna hvort að hún stangast á við ákvæði tilskipunarinnar. Hvert og eitt ráðuneyti fór yfir löggjöf á sínu sviði og er niðurstöðu þeirrar yfirferðar að finna í frumvarpi þessu.

Lagt er til að lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald verði breytt þannig að skilyrðið sem kveður á um að búseta á Íslandi sé forsenda rekstarleyfis samkvæmt lögnum gildi ekki um ríkisborgara og lögaðila innan EES, aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga. Lagt er til að samskonar breytingar verði gerðar á lögum nr. 28/1998 um verslunaratvinnu, lögum nr. 145/1994 um bókhald og lögum nr. 64/2000 um bílaleigur. Að sama skapi er lögheimilisskilyrði fellt úr lögum nr. 36/1994 um húsaleigu.

Með breytingum á lögum nr. 28/1998 um verslunaratvinnu er lagt til að Sýslumaðurinn í Hafnarfirði veiti leyfi til sölu notaðra ökutækja og leyfi til uppboðsstjóra í stað þess að hver og einn sýslumaður veiti leyfi í sínu umdæmi. Er slík tilfærsla til einföldunar og hagræðingar.

Í lögum nr. 28/1998 um verslunaratvinnu, lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur og lögum nr. 64/2000 um bílaleigur er lagt til að orðalagi hvað varðar starfsábyrgðartryggingar verði breytt og allur vafi tekin af um það að heimilt er að taka starfsábyrgðartryggingu hjá öðrum váttryggingarfélögum en íslenskum, hafi umrædd félög öðlast heimild til að veita þjónustu hér á landi samkv. lögum nr. 60/1994 um váttryggingarstarfsemi.

Lagt er til að tímabinding leyfa samkv. lögum nr. 28/1998 um verslunaratvinnu og samkv. lögum nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, verði felld niður en þau eru nú veitt til fimm ára í senn.